

15. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 14. febrúar í gegnum fjarfundarkerfið Zoom kl. 9:30.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi,
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

1. Íbúafundir

Nefndin fór yfir íbúafundina í síðustu viku sem gengu almennt mjög vel. Umræða fór fram um þá gagnrýni sem hefur komið fram og þær ábendingar og athugasemdir sem hafa ratað til nefndarfólks.

Spurningar og svör verða birt á vefnum á næstu dögum.

2. Kynningarmál

Drög að grein frá nefndinni liggur fyrir og mun birtast í Feyki á miðvikudaginn.

Myndböndin hafa fengið góða dreifingu og nokkur þúsund áhorf.

Skuggakosningar fara fram í dag og á morgun í 8.-10. bekk í grunnskólanum og fyrstu tveimur árgöngum Fjölbrautaskólans. Skuggakosningar eru ekki á vegum samstarfsnefndar heldur eru þær hluti starfi skólanna og þáttur í að virkja börn til þátttöku og láta sig málið varða enda er lýðræði einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá.

3. Framkvæmd kosninganna

Talning verður í Héðinsminni og Sauðárkróki og formenn kjörstjórna munu skila niðurstöðum til Róberts og Hrefnu. Í kjölfarið verða þær birtar á vefsíðu verkefnisins.

Auglýsingar um kjörstaði og opnanir verða birtar í vikunni.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:13.